

LISTIR

Fjórar sýningar á Kjarvalsstöðum

Mótunarár Kjarvals,
Kristín, leirlist
og vídeó

FJÓRAR sýningar verða formlega opnaðar á Kjarvalsstöðum á morgun laugar dag kl. 16: Sýningin Kjarval – mótunarár 1885–1930, sýning á verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur, sýningarnar Forn leirlist frá Perú og Konur og vídeó.

Í Austursal verður sýningin Kjarval – mótunarár 1895–1930. Mótunarár Kjarvals, þ.e.a.s. tímabilið fram til 1930, var frjósamt og margbreytilegt skeið á ferli listamannsins. Á sýningunni verða sýnd verk frá þessu tímabili í því listamannsins og reynt að endurspeglar það sem helst einkennið vinnubrögð hans á hverjum tíma, samkvæmt því sem segir í frétt frá Kjarvalsstöðum.

Sýnd verða verk frá Reykjavík-urárum hans áður en hann hélt utan til náms, verk frá námsárunum í London og Kaupmannahöfn, svo og námsferð hans til Ítalíu. Einnig verða sýnd verk frá Íslandsferðum hans meðan hann bjó erlendis auk verka frá Íslandi og Frakklandi frá tímabilinu 1922–30. „Á sýningunni verður leitast við að endurspeglar þá breidd í myndmáli, stílbriðum og verkefnavali sem einkennið þetta mótunarskeið listamannsins,“ segir í fréttinni.

Málverkið endurnýjað

Í Miðsal verður Kristín Gunnlaugsdóttir með sýningu. Um þá sýningu segir: „Á síðastliðnum áratug fékk málverkið endurnýjað vægi í listheiminum. Þessi endurvakning málverksins gerðist samtímis víða um veröldina, en birtist þó á hverjum stað með sínum sérstæðu formerkjum, meira eða minna njörvuð í myndlistarhefð viðkomandi þjóðlanda.“

Nýja málverkið kom ennfremur hingað til lands og náði talsverðri útbreiðslu meðal yngri myndlistarmanna, þó svo að erfitt sé að



Jóhannes Kjarval

tala um ákveðna stefnu, inntakslega eða formrænt. Kristín Gunnlaugsdóttir er einn af þessum listamönnum, sem um árabíl hefur stundað myndlistarnám á Ítalíu og tileinkað sér hugmyndafræði nýja málverksins. Listakonan hefur skapað í verkum sínum einkar sérstæða myndgerð sem byggir á hefðbundnum grunni og ber með sér sterkar tilvísarnir í forna býsanska íkonagerð.

Þetta eru figúratíf málverk, afgerandi í lit og formrænni framsetningu, þar sem listakonan kannar virkni málralistarinnar og vitnar um sinn eigin veruleika.“

Ýmsir menningarhópar

Í Vestursal verður sýningin Leirlist frá Perú. Um er að ræða sýningu á úrvali leirlistaverka frá Þjóðminjasafninu í Líma, en þar hafa lengi verið stundaðar rannsóknir á menningar- og listasögu Perú síðastliðin 6000 ár. Á sýningunni eru munir frá ýmsum menningarhópum sem voru uppi fyrir tíma inkanna, þar á meðal nokkrir munir frá 5. öld fyrir Krist. „Hér gefst tækifæri til að fá inn-sýn í háþróaða menningu hinna ýmsu þjóðabrota sem byggðu Perú til forna og kynnast dularfullri og heillandi þjóðmenningu, aðallega frá strandhéruðum Perú, þar sem fornleifafraeðingar eru sífellt að gera nýjar uppgötvanir sem vekja furðu sagnfræðinga og annarra sérfræðinga,“ segir í kynningu.



Forn leirlist frá Perú

Hugmyndir konunnar


Vesturforsalur: Konur og vídeó, 1970–1975. Safnið kynnir hana svo: „Á 7. áratugnum leituðu listamenn nýrra leiða til listsköpunar. Sjónvarp og vídeó var í senn nýjung og tæki sem var að verða eðlilegur hluti af hversdagslegu lífi nútímamannsins.“

Sýningin Konur og vídeó er yfirlitssýning yfir vídeolist kvenna á árunum 1970 til

1975. Þar gefur að líta myndir eftir 21 konu víðs vegar að úr heiminum sem nota þetta listform til að koma á framfæri listrænum, persónulegum og pólitískum hugmyndum konunnar í nútímasamfélagi.“

Eftirfarandi listakonur eiga verk á sýningunni: Eleanor Antin, Lynda Benglis, Barbara Buckner, Doris Chase, Shirley Clarke, Hermine Freed, Julie Gustafson, Nancy Holt, Joan Jonas, Beryl Korot, Shigeo Kubota, Mary Lucier, Martha Rosler, Ilene Segalove frá Bandaríkjunum, Lisa Steele frá Kanada, Anna Bella Geiger frá Brasilíu, Mako Idemitsu og Kyoko Michishita frá Japan, Valie Export og Ulrike Rosenbach frá Þýskalandi og Steina Vasulkas frá Íslandi. Sýningunni fylgir sýningarskrá með greinum eftir JoAnn Hanley og Ann-Sargent Woster.

Sýningin á verkum Kjarvals verður opin frá 16. september fram í desember en sýningarnar á verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur og Leirlist frá Perú verða hinsvegar opnar daglega frá 16. september–15. október og frá 10–18.



VERK eftir Kristínu

Síðasti
keppandi
TónVakans

SÍÐASTI keppandinn í úrslita-keppni TónVakans kemur fram sunnudaginn 17. september kl.



Sigurður Marteinsson

13. Það er Sigurður Marteinsson píanóleikari sem flytur verk eftir Hafliða Hallgrímsson, Franz Schubert, Ludwig van Beethoven og Johann Sebastian Bach.

Sunnudaginn 24. september kl. 13 verða úrslit TónVakans kynnt í beinni útsendingu.



Eitt verka Kristján.

Kristján
sýnir í
Ásmundarsal

KRISTJÁN Davíðsson opnar málverkasýningu í Ásmundarsal, húsi Arkitektafélagsins, Freyjugötu 41, í dag föstudag kl. 18–20.

Á sýningunni eru olumálverk unnin á undanföllum árum. Sýningin er sölusýning og er opin daglega frá kl. 16–20. Henni lýkur 1. október.

Sýningum
lýkur í
Gallerí Fold

SÝNINGU á verkum kínversku listakonunnar Lu Hong og kynningu á verkum Gunnars Á. Hjaltasonar, sem undanfarið hefur staðið yfir í Gallerí Fold við Rauðarárstíg, lýkur nú á sunnudag.

Opið er í Gallerí Fold daglega frá kl. 10–18 nema sunnudaga frá kl. 14–18.

samband!

Skriflegt samband við stærstu fréttastofu landsins tryggir þér upplýsingar um allt sem skiptir þig máli – þegar þú vilt – þar sem þú vilt, hvort sem þú færð Morgunblaðið inn um bréfalúguna eða um Alnetið.

Kjarni málsins, þegar þú vilt – þar sem þú vilt!

